

GREIÐSLUUPPGJÖR OPINBERRA GJALDA

- ÚRRÆÐI FYRIR ATVINNULÍFIÐ -



TOLLSTJÓRI

Skýrsla um greiðsluuppgjör opinberra gjalda

apríl 2012

Efnisyfirlit

Greiðsluuppgjör opinberra gjalda - úrræði fyrir atvinnulífið	2
Framkvæmd verkefnisins.....	3
Niðurstöður.....	4
Fjöldi umsókna um greiðsluuppgjör - Tímabilið frá gildistöku laganna til 1. júlí 2011	4
Fjöldi útgefna skuldabréfa - Skuldbreyting eftir 1. júlí 2011	4
Tölulegar upplýsingar um skuldabréf:	5
Virðisaukaskattur	11
Þing- og sveitarsjóðsgjöld.....	13
Staðgreiðsla launagreiðanda	15
Tryggingagjald	17
Sérstök niðurfelling tekjuskatts samkvæmt 6. grein laganna	20
Fylgiskjöl	21
Auglýsingar í fjölmiðlum	21
Sýnishorn umsóknareyðublaða og skjala.....	24
Leiðbeiningar til gjaldenda um frágang á skuldabréfi	27
Lög um greiðsluuppgjör	28
Upplýsingar á vef Tollstjóra www.tollur.is	30



Greiðsluuppgjör opinberra gjalda - úrræði fyrir atvinnulífið

Við hrun efnahagslífsins á haustdögum 2008 stóðu íslensk stjórnvöld frammi fyrir erfiðasta verkefni lýðveldisins, að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Stjórnvöld veittu ýmsar ívilnanir við innheimtu skatta og gjalda með stjórnvaldsfyrirmælum og tímabundnum breytingum á löggjöf. Á vormánuðum 2009 voru sett ákvæði í lög um gjaldþrotaskipti varðandi nauðasamninga einstaklinga til greiðsluaðlögunar. Lög númer 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga hafa nú leyst þau ákvæði af hólmi. Greiðsluaðlögun tekur til krafna innheimtumanns ríkissjóðs að fráskildum virðisaukaskatti og staðgreiðslu. Þegar nokkur reynsla var komin á greiðsluaðlögunarúrræði einstaklinga varð það ljóst að úrræði skorti fyrir einstaklinga og félög í atvinnurekstri sem voru í alvarlegum vanskilum við innheimtumann ríkissjóðs.

Lög nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri voru samþykkt á Alþingi 25. mars 2010. Var þeim ætlað að veita einstaklingum og lögaðilum í atvinnurekstri tækifæri til þess að koma vanskilum á opinberum gjöldum í skil vegna þeirra erfiðu aðstæðna sem sköpuðust í íslensku atvinnulífi.

Lögin um greiðsluuppgjör gerðu ráð fyrir tvískiptu ferli:

Í fyrsta lagi var veittur greiðslufrestur til 1. júlí 2011 á þeim gjöldum sem undir greiðsluuppgjör féllu samkvæmt lögum nr. 24/2010. Þau gjöld voru: Þing- og sveitarsjóðsgjöld, virðisaukaskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda og tryggingagjald sem gjaldféllu fyrir 1. janúar 2010. Dráttarvextir lögðust ekki á þær kröfur sem féllu undir greiðsluuppgjör á frestímabili þ.e. frá 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011. Á frestímabili var innheimtuaðgerðum ekki beint að umsækjendum og yfirstandandi innheimtuaðgerðum var frestað eða þær afturkallaðar eftir atvikum. Til að fá umsókn um greiðslufrest samþykkt þurftu umsækjendur að vera með öll önnur gjöld, en þau sem féllu undir greiðsluuppgjör, í skilum ásamt því að greiða öll áfallandi gjöld á frestímabilinu á gjalddaga.

Í öðru lagi var gjöldunum sem féllu undir greiðsluuppgjör skuldbreytt með útgáfu skuldabréfs sem var fært sem greiðsla í Tekjubókhaldskerfi ríkisins. Með færslunni breyttist skattkrafan í almenna kröfu sem innheimt verður samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins. Fjársýsla ríkisins sér um innheimtu skuldabréfanna.

Skuldabréfið er vaxtalaust til 5 ára með fyrsta greiðsludag þann 1. júlí 2012. Þar sem skattarnir báru ekki vexti á greiðslufreststímabili frá 1. janúar 2010 til 1. júlí 2011 fengu umsækjendur mikla ívilnun á lögboðnum vanskilaviðurlögum. Ávinningur stjórnvalda var betri skattfrankvæmd vegna leiðréttinga á skattáætlunum ásamt bættri greiðsluhegðun þar sem umsækjendur urðu að standa rétt að skattskilum á fresttímabilinu svo heimild til greiðsluuppgjörs félli ekki niður.

Framkvæmd verkefnisins

Tollstjóra var falið verkefnið á landsvísu til að tryggja samræmi við framkvæmd úrræðisins. Við gildistöku laganna 31. mars 2010 útbjó Tollstjóri rafrænt umsóknareyðublað, kynningarefni á vef og auglýsingu sem birtist í dagblöðum. Samþykktarferli umsókna hófst í maíbyrjun árið 2010. Með 37. gr. laga nr. 165/2010 var úrræðið útvíkkað þannig að aðilar sem hætt höfðu atvinnustarfsemi gátu einnig sótt um það. Í sömu lögum var sett ákvæði sem heimilaði Tollstjóra að fella niður tekjuskatt að hluta hjá lögaðilum í tengslum við sértæka skuldaaðlögun. Ákvæðið fól jafnframt í sér að eftirstöðvar tekjuskattsins færu á skuldabréf með sama hætti og aðrar kröfur samkvæmt ákvæðum laga nr. 24/2010. Lögin tóku gildi 30. desember 2010.

Úrræðið var kynnt með auglýsingum í fjölmiðlum í maí 2010, janúar og maí 2011, auk þess sem hagsmunasamtökum voru sérstaklega sendar upplýsingar um úrræðið.

Síðustu umsóknirnar voru móttæknar 30. júní 2011 og í framhaldi af því var farið að undirbúa gerð skuldabréfaforms og leiðbeininga um útfyllingu þess til umsækjenda. Þróaðar voru sérstakar vinnslur í Tekjubókhaldskerfi ríkisins til að reikna út og framkvæma vaxtafrávik vegna niðurfellingar vaxta. Áður en hægt var að færa kröfurnar á skuldabréf þurfti að fara yfir það hvort umsækjandi uppfyllti öll skilyrði. Það er að segja hvort allar skattáætlanir hefðu verið leiðréttar og staðið við greiðslur áfallandi gjalda. Þá þurfti einnig að yfirfara kröfur í hverju máli fyrir sig með tilliti til leiðréttinga á skuldajöfnuði. Undirbúningur við gerð skuldabréfa krafðist mikilla samskipta við umsækjendur og Ríkisskattstjóra. Tollstjóri áætlað að hver umsókn hafi tekið að meðaltali 75 mínútur í afgreiðslu.

Verkefnið var unnið í góðu samstarfi við Fjársýslu ríkisins og aðra innheimtumenn ríkissjóðs.

Með lagabreytingum í desember 2010 var heimilað að beita greiðsluuppgjóri samhliða greiðsluaðlögun skv. lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga þannig að virðisaukaskattur og afdregin staðgreiðsla launagreiðanda félli undir greiðsluuppgjör en aðrir skattar undir greiðsluaðlögun.

Niðurstöður

Fjöldi umsókna um greiðsluuppgjör - Tímabilið frá gildistöku laganna til 1. júlí 2011

Fjöldi umsókna var 721 á greiðslufreststímanum. 155 umsóknum var hafnað eða umsækjandi dró umsókn sína til baka af þeirri ástæðu að hann uppfyllti ekki skilyrði laganna um skuldleysi í öðrum gjöldum. Alls voru samþykktar 556 umsóknir um greiðsluuppgjör fyrir 1. júlí 2011. Umsækjendur greiddu kr. 3.152.612.650,- til þess að fá umsókn um greiðslufrest samþykta.

Fjórir lögaðilar sóttu um lækkun á tekjuskatti jafnframt því að sækja um greiðsluuppgjör.

Fjöldi útgefna skuldabréfa - Skuldbreyting eftir 1. júlí 2011

Útbúin voru 463 skuldabréf fyrir 2.129.846.178 kr. Móttekin voru 430 skuldabréf samtals að fjárhæð 1.997.700.206,- kr.

33 skuldabréf voru ekki móttekin sem greiðsla þar sem umsækjendur hirtu ekki um að skila þeim inn þrátt fyrir ítrekanir og skriflegar áskoranir um að leiða málin til lykta.

81 aðila var synjað um útgáfu skuldabréfs þar sem þeir uppfylltu ekki skilyrði um að vera skuldlausir í nýjum gjöldum og/eða höfðu ekki fengið skattáætlanir leiðréttar. 18 umsóknir féllu niður þar sem kröfur voru uppgreiddar annaðhvort eftir skattbreytingu eða með skuldajöfnuði.

Í níu tilvikum var úrræðinu og greiðsluaðlögun skv. lögum nr. 101/2010 beitt samhliða. Fjórum aðilum var synjað um skuldbreytingu þar sem þeir voru í greiðsluaðlögunarferli og skulduðu eingöngu kröfur sem féllu undir greiðsluaðlögun.

Almennar upplýsingar um greiðsluuppgjörsmál	
Fjöldi umsókna um greiðsluuppgjör fyrir 1. júlí 2011	721
Samþykktar umsóknir um greiðslufrest fyrir 1. júlí 2011:	566
Umsókn hafnað eða umsókn dregin tilbaka	155
Kröfur greiddar upp fyrir skuldbreytingu	18
Synjað um skuldbreytingu þar sem skilyrði 5. gr. voru ekki uppfyllt	81
Synjað um skuldbreytingu vegna greiðsluaðlögunar	4
Fjöldi mála þar sem skuldari gekk ekki frá skuldabréfi	33
Fjöldi skuldabréfa sem voru færð til greiðslu eldri skulda	430
Heildarfjárhæð á skuldabréfum	1.997.700.260 kr.
Meðalfjárhæð	4.645.815 kr.
Hæsta fjárhæð	122.361.747 kr.
Lægsta fjárhæð	52.274 kr.


Umsækjendur þurftu að láta stimpla skuldabréfin í samræmi við lög nr. 36/1978, um stimpilgjald og greiða hálf prósents í stimpilgjald af fjárhæð bréfanna. Skilaði gjaldið um það bil 10 milljónum króna í ríkissjóð.

Tölulegar upplýsingar um skuldabréf:

Hér á eftir fylgir frekari úrvinnsla á þeim skattkröfum sem greiddar voru í ríkissjóð með skuldabréfi. Heildarfjárhæð sem greidd var með skuldabréfi var 1.997.700.206,- kr.




Hutfall kröfufjánhæða á milli einstaklinga og lögaðila



	Samtals upphæð	%
Einstaklingar	446.018.497	22,33%
Lögaðilar	1.551.681.763	77,67%
Samtals	1.997.700.260	100,00%




Hlutfall útgefina skuldabréfa á milli einstaklinga og lögaðila



	Fjöldi	%
Einstaklingar	154	35,81%
Lögaðilar	276	64,19%
Samtals	430	100,00%



Skipting kröfufjárhæða á milli skatttegunda Lögaðilar og einstaklingar




Skatttegund	Krónur	%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld	536.843.004	26,87%
Tryggingagjald	140.210.369	7,02%
Staðgreiðsla launagreiðanda	319.929.018	16,01%
Virðisaukaskattur	1.000.717.869	50,09%
Samtals	1.997.700.260	100,00%



Skipting kröfufjárhæða á milli skatttegunda


Lögaðilar



Gjaldflokkar	Krónur	%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld	317.382.336	20,45%
Tryggingagjald	106.690.292	6,88%
Staðgreiðsla launagreiðanda	310.674.714	20,02%
Virðisaukaskattur	816.934.421	52,65%
Samtals	1.551.681.763	100,00%




Skipting kröfufjárhæða á milli skatttegunda Einstaklingar



Skatttegundir	Krónur	%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld	219.460.668	49,20%
Tryggingagjald	33.520.077	7,52%
Staðgreiðsla launagreiðanda	9.254.304	2,07%
Virðisaukaskattur	183.783.448	41,21%
Samtals	446.018.497	100,00%



Virðisaukaskattur




Álagningarár	Krónur	%
Virðisaukaskattur 2000	165.731	0,02%
Virðisaukaskattur 2002	607.448	0,07%
Virðisaukaskattur 2004	3.762.031	0,46%
Virðisaukaskattur 2005	2.889.025	0,35%
Virðisaukaskattur 2006	34.305.397	4,20%
Virðisaukaskattur 2007	173.955.306	21,29%
Virðisaukaskattur 2008	264.013.415	32,32%
Virðisaukaskattur 2009	337.236.068	41,28%
Samtals	816.934.421	100,00%




Virðisaukaskattur - Aldursgreining

Einstaklingar




Álagningarár	Krónur	%
Virðisaukaskattur 1999	658.155	0,36%
Virðisaukaskattur 2000	5.810.639	3,16%
Virðisaukaskattur 2001	6.225.780	3,39%
Virðisaukaskattur 2002	1.645.783	0,90%
Virðisaukaskattur 2003	6.535.948	3,56%
Virðisaukaskattur 2004	8.314.845	4,52%
Virðisaukaskattur 2005	17.323.909	9,43%
Virðisaukaskattur 2006	19.200.249	10,45%
Virðisaukaskattur 2007	22.489.424	12,24%
Virðisaukaskattur 2008	64.583.126	35,14%
Virðisaukaskattur 2009	30.995.590	16,87%
Samtals	183.783.448	100,00%





Álagningarár	Krónur	%
Þinggjöld 2000	21.749.655	6,85%
Þinggjöld 2003	839.987	0,26%
Þinggjöld 2004	696.073	0,22%
Þinggjöld 2005	1.399.729	0,44%
Þinggjöld 2006	35.908.659	11,31%
Þinggjöld 2007	83.246.454	26,23%
Þinggjöld 2008	79.232.073	24,96%
Þinggjöld 2009	94.309.706	29,71%
Samtals	317.382.336	100,00%


Þing- og sveitarsjóðsgjöld - Aldursgreining Einstaklingar



Álagningarár	Krónur	%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2000	7.181	0,00%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2001	4.671.937	2,13%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2002	9.814.106	4,47%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2003	2.022.533	0,92%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2004	19.028.815	8,67%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2005	19.200.575	8,75%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2006	24.401.152	11,12%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2007	33.426.263	15,23%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2008	42.384.232	19,31%
Þing- og sveitarsjóðsgjöld 2009	64.518.236	29,40%
Samtals	219.460.668	100,00%




Staðgreiðsla launagreiðanda



Álagningarár	Krónur	%
Staðgreiðsla launagreiðanda 2005	3.900	0,00%
Staðgreiðsla launagreiðanda 2006	2.314.750	0,75%
Staðgreiðsla launagreiðanda 2007	14.078.381	4,53%
Staðgreiðsla launagreiðanda 2008	88.938.431	28,63%
Staðgreiðsla launagreiðanda 2009	205.339.252	66,09%
Samtals	310.674.714	100,00%




Staðgreiðsla launagreiðanda - Aldursgreining Einstaklingar



Álagningarár	Krónur	%
Staðgreiðsla launagreiðanda 2008	2.447.857	26,45%
Staðgreiðsla launagreiðanda 2009	6.806.447	73,55%
Samtals	9.254.304	100,00%




Tryggingagjald



Álagningarár	Krónur	%
Tryggingagjald 2002	258.434	0,24%
Tryggingagjald 2003	367.809	0,34%
Tryggingagjald 2004	413.948	0,39%
Tryggingagjald 2005	1.634.077	1,53%
Tryggingagjald 2006	2.470.603	2,32%
Tryggingagjald 2007	7.497.034	7,03%
Tryggingagjald 2008	28.468.533	26,68%
Tryggingagjald 2009	65.579.854	61,47%
Samtals	106.690.292	100,00%




Tryggingagjald - Aldursgreining Einstaklingar



Álagningarár	Krónur	%
Tryggingagjald 1999	253.510	0,76%
Tryggingagjald. 2000	1.624.644	4,85%
Tryggingagjald 2001	1.212.305	3,62%
Tryggingagjald 2002	264.481	0,79%
Tryggingagjald 2003	2.027.242	6,05%
Tryggingagjald 2004	2.411.525	7,19%
Tryggingagjald 2005	4.878.487	14,55%
Tryggingagjald 2006	5.062.779	15,10%
Tryggingagjald 2007	3.885.961	11,59%
Tryggingagjald 2008	5.963.617	17,79%
Tryggingagjald 2009	5.935.526	17,71%
Samtals	33.520.077	100,00%



Hlutfall kröfufjánhæða á milli innheimtumanna ríkissjóðs



Innheimtumenn sem eru með minna en 1% af heildarupphæð eru teknir saman í Aðrir innheimtumenn á mynd.

Innheimtumaður ríkissjóðs	Greitt inn	Fjöldi	%
Tollstjóri	947.863.582	244	47,45%
Sýslum. í Kópavogi	338.553.887	57	16,95%
Sýslum. í Hafnarfirði	277.551.248	40	13,89%
Sýslum. á Akureyri	140.439.859	19	7,03%
Sýslum. á Selfossi	136.411.170	24	6,83%
Sýslum. í Keflavík	56.608.098	30	2,83%
Sýslum. á Akranesi	38.582.402	7	1,93%
Sýslum. á Höfn í Hornafirði	10.326.411	3	0,52%
Sýslum. á Seyðisfirði	9.115.439	2	0,46%
Sýslum. á Eskifirði	8.008.993	2	0,40%
Sýslum. á Patreksfirði	7.300.417	2	0,37%



Sýslum. á Sauðárkróki	6.380.575	3	0,32%
Sýslum. í Borgarnesi	5.985.029	3	0,30%
Sýslum. á Hvolsvelli	5.417.294	3	0,27%
Sýslum. á Ísafirði	4.046.901	3	0,20%
Sýslum. í Bolungarvík	3.246.897	1	0,16%
Sýslumaður Snæfellinga	1.122.335	2	0,06%
Sýslum. á Siglufirði	739.723	1	0,04%
	1.997.700.260		100,00%

Sérstök niðurfelling tekjuskatts samkvæmt 6. grein laganna

Fjórar umsóknir um niðurfellingu tekjuskatts lögaðila bárust. Ein umsókn féll niður vegna gjaldprots umsækjandans. Lækkunin var færð á höfuðstól kröfunnar frá álagningu hennar.

Álagningarár	Fjárhæð niðurfellingar
2006	157.034
2007	748.902
2008	438.019



Fylgiskjöl

Auglýsingar í fjölmiðlum



GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ
NÚ ERU SÍÐUSTU FORVÖÐ AÐ
SÆKJA UM GREIÐSLUUPPGJÖR

Frestur til að sækja um rennur út 30. júní 2011
Hafðu samband við innheimtusið Tollstjóra áður en það er of seint.

<http://www.tollur.is/greiðsluuppgjor>



TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, fax: 551 6620, vefur: www.tollur.is

Mynd 1 Skjáauglýsing í sjónvarpi í maí 2011



GREIÐSLUUPPGJÖR OPINBERRA GJALDA

Alþingi samþykkti 25. mars síðastliðinn lög nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Samkvæmt lögnum geta lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri sótt um greiðsluuppgjör á virðisaukaskatti, staðgreiðslu tryggingagjalda, staðgreiðslu opinberra gjalda og þing- og sveitarsjóðsgjöldum sem gjaldföllu fyrir 1. janúar 2010 og eru þar af leiðandi í vanskilum.

Athugi skal vakin á því að umsækjandi greiðsluuppgjors skal vera skuldlaus í öllum öðrum sköttum og gjöldum en þeim sem falla undir greiðsluuppgjör.

Í greiðsluuppgjöri felst að gjaldandi fær frest til greiðslu þeirra gjalda sem undir greiðsluuppgjörið falla til 1. júlí 2011. Gjöldin bera ekki dráttarvexti á frest tímabilinu 1. janúar 2010 til 30. júní 2011. Að uppfylltum ekkilyrðum sem fram koma í lögnum getur gjaldandi skuldbreytt vanskilum gjalda sem undir greiðsluuppgjörið falla þann 1. júlí 2011, með því að gefa út skuldabréf til greiðslu vanskilanna. Skuldabréfið er til 5 ára með mánaðarlegum afborgunum og verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en án vaxta.

Á vef Tollstjóra eru ýtarlegar upplýsingar um greiðsluuppgjör ásamt umsóknareyðublaði.
<http://www.tollur.is/greiðsluuppgjor>



TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, fax: 551 6620, vefur: www.tollur.is

Mynd 2 Auglýsing birt í maí 2010



TOLLSTJÓRI



GREIÐSLUUPPGJÖR OPINBERRA GJALDA

Greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum einstaklinga og lögaðila sem eru og hafa verið í atvinnurekstri

Alþingi samþykkti þann 18. desember 2010 lög sem breyta skilyrðum þessa að einstaklingar og lögaðilar geti sótt um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum samkvæmt lögum nr. 24/2010. Sjá VI. kafla laga nr. 165/2010.

Skilyrðum laganna hefur verið breytt á þann veg að nú geta lögaðilar og einstaklingar sem eru eða **hafa verið** í atvinnurekstri sótt um greiðsluuppgjör á virðisaukaskatti, staðgreiðslu tryggingagjalds, staðgreiðslu opinberra gjalda og þing- og sveitarsjóðsgjöldum sem gjaldféllu fyrir 1. janúar 2010.

Athygli skal vakin á því að umsækjandi greiðsluuppgjör skal vera í skilum með skatta og gjöld sem falla ekki undir greiðsluuppgjör.

Í greiðsluuppgjöri felet að gjaldandi fær frest til greiðslu þeirra gjalda sem undir greiðsluuppgjörið falla til 1. júlí 2011. Gjöldin bera ekki dráttarvexti á frest tímabilinu 1. janúar 2010 til 30. júní 2011. Að uppfylltum skilyrðum, sem fram koma í lögnum, getur gjaldandi skuldbreytt vanskilum gjalda eom undir greiðsluuppgjörið falla þann 1. júlí 2011, með því að gefa út skuldabréf til greiðslu vanskilanna. Skuldabréfið er til 5 ára með mánaðarlegum afborgunum og verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en án vaxta. Fyrsta afborgun af skuldabréfinu er 1. júlí 2012.

Á vef Tollstjóra eru ítarlegar upplýsingar um reglur og skilyrði greiðsluuppgjör ásamt umsóknareyðublaði. <http://www.tollur.is/greiðsluuppgjor>



TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, fax: 551 6620, vefur: www.tollur.is

Mynd 3 Auglýsing í fjölmiðlum í febrúar 2011



NIÐURFELLING TEKJUSKATTS LÖGAÐILA

Niðurfelling á tekjuskatti lögaðila samkvæmt lögum um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum nr. 24/2010.

Alþingi samþykkti þann 18. desember 2010 lög sem heimila Tollstjóra að fella niður hluta tekjuskatts lögaðila að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Tollstjóra er heimilt að fallast á beiðni um niðurfellingu tekjuskatts að hluta, enda telji Tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkrni niðurfellingu. Athygli skal vakin á því að umsækjandi niðurfelling skal vera í skilum með skatta og gjöld sem falla ekki undir greiðsluuppgjör. Fallist Tollstjóri á niðurfellingu hluta tekjuskatts munu eftirstöðvar hans ásamt öðrum skattskuldum sem falla undir greiðsluuppgjör samkvæmt lögum 24/2010 verða settar á skuldabréf. Skuldabréfið er til 5 ára með mánaðarlegum afborgunum og verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en án vaxta. Fyrsta afborgun af skuldabréfinu er 1. júlí 2012.

Á vef Tollstjóra eru ítarlegar upplýsingar um niðurfellingu tekjuskatts lögaðila ásamt umsóknareyðublaði. <http://tollur.is/greiðsluuppgjor/nidurfelling>



TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, fax: 551 6620, vefur: www.tollur.is

Mynd 4 Auglýsing í fjölmiðlum í febrúar 2011



GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

NÚ ERU SÍÐUSTU FORVOÐ AÐ SÆKJA UM GREIÐSLUUPPGJÖR

**Frestur til að sækja um greiðsluuppgjör
rennur út 30. júní 2011**

Sankvaemt lögum um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögðs og einstaklings í atvinnurekstri nr. 24/2010, gefa lögáðlar og einstaklingar sem eru eða hafa verið í atvinnurekstri sött um greiðsluuppgjör á virlisaukaekatti, staðgreiðslu tryggingagjalds, staðgreiðslu opinberra gjalda og þing- og sveitarþinggjöldum sem galdetu fyrir 1. janúar 2010.

Með greiðsluuppgjöri gefur gjaldandi skuldbreytt vaskilum gjalda sem undir greiðsluuppgjöri falla, með því að gefa út skuldbrot til greiðslu vanskilanna. Skuldbrotið er til 9 ára með mánaðsfegum atvorkunum og verotryggi. Miðað við vaskilum reysuvertu er an vaxta. Fyrsta atvorkun at skuldbrotinu er 1. júlí 2012.

Athygli skal vakin á því að umsökjandi greiðsluuppgjörs skal vera í skilum með skatta og gjöld sem tala ekkar undir greiðsluuppgjöri.

Vakin er athygli á að heimilt er að stöðna atvinnurekstur vegna vanskila á virlisaukaekatti, staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjaldi.

Þó er þeim aðilum sem eru með gjaldfallnar skuldir í áðurgrindum sköttum bent á að umsóknarmistur um greiðsluuppgjör rennur út 30. júní næstkomandi.

Á vef Tollstjóra eru starlegar upplýsingar um reglu og skilyrði greiðsluuppgjörs ásamt umsóknareyðublaði.
<http://www.tollur.is/greiðsluuppgjör>

Hafðu samband við innoheimtazvið Tollstjóra þúur en það er of seint.

<http://www.tollur.is/greiðsluuppgjör>



TOLLSTJÓRI, Tryggvaghú 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0306, fax: 551 6620, vefur: www.tollur.is

Mynd 5 Auglýsing í fjölmiðlum í maí 2011



TOLLSTJÓRI

Sýnishorn umsóknareyðublaða og skjala



TOLLSTJÓRI

Umsókn um greiðsluuppgjör á gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri

Umsækjandi:

Nafn:			kennitala:	
Lögheimili:		Póstnúmer:	Sveitarfélag:	
Vörðisaukaskattsnúmer:	Rekstrarform: <input type="checkbox"/> Einstaklingsrekstur <input type="checkbox"/> Lögaðili		Sími:	

Skilmálar:

Undirritaður sækir um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum samkvæmt heimild í lögum nr. 24/2010.

Skilyrði fyrir greiðsluuppgjöri er að umsækjandi sé í skilum með önnur gjöld sem innheimt eru af innheimtumanni ríkissjóðs en þau sem falla undir greiðsluuppgjör og gjaldfallið hafa fyrir 1. janúar 2010, ásamt því að standa í skilum með öll gjöld sem innheimt eru af innheimtumanni ríkissjóðs og gjaldfála á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. júlí 2011. Uppfylli umsækjandi ekki skilyrði um skuldleysi samkvæmt framanritaðu fellur heimild til greiðsluuppgjors niður. Falli heimild til greiðsluuppgjors niður er ekki heimilt að veita hana að nýju.

Þá lýsir undirritaður því yfir að hann muni skila inn skilagreinum og framtölum til að tryggja að rétt álagning liggja fyrir þann 1. júlí 2011, í þeim tilvikum sem álagningin byggir á áætlun skattstjóra.

Undirritaður hefur kynnt sér ákvæði laga nr. 24/2010 um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Fyrir hönd umsækjanda er skuldin hér með viðurkennd.

Undirskrift:

Undirritaðir samþykkir þá skilmála sem fram koma hér að ofan:

_____	_____
Staður	Dags:
_____	_____
Kennitala undirritaðs	Undirskrift f.h. umsækjanda

Undirrituðu frumrit eyðublaðsins skal skilað til Tollstjóra. ef eyðublaðið hefur verið **rafrent** Undirritað skal senda það á netfangið vanskil@tollur.is

Sendu í fólupósti

Vista

Prenta

Hreinsa

Tollstjóri - Tryggvagötú 19 - 101 Reykjavík - KL: 650269-7649 - Sími: 560 0300 - www.tollur.is



TOLLSTJÓRI



Umsókn um niðurfellingu tekjuskatts

Umsækjandi:

Nafn:		Kennitala:	
Lögherfi:	Póstnúmer:	Svætarfélag:	
Virðisaukaskattarnúmer:			Sími:

Skilmálar:

Undirritaður sækir um niðurfellingu tekjuskatts að hluta samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 24/2010, sbr. VI. kafla laga nr. 165/2010

Skilyrði fyrir niðurfellingu tekjuskatts eru:

- að umsækjandi sé í skilum með önnur gjöld, en þau sem falla undir greiðsluuppgjör skv. 1. gr. laganna, og gjaldfallið hafa fyrir 1. janúar 2010. Hér er um að ræða gjöld sem innheimt eru af innheimtumanni ríkissjóðs
- að umsækjandi standi í skilum með öll gjöld sem innheimt eru af innheimtumanni ríkissjóðs og gjaldfalla á tímabilinu 1. janúar 2010 til 30. júní 2011.

Sé þessum skilyrðum fullnægt verður fallist á niðurfellingu tekjuskatts að hluta, enda telji Tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með niðurfellingunni.

Éa lýsir undirritaður því yfir að hann muni skila inn skilgreinum og framtölum til að tryggja að rétt álagning liggi fyrir þann 1. júlí 2011, í þeim tilvikum sem álagningin byggist á áætlun skattstjóra. Undirritaður hefur kynnt sér ákvæði laga nr. 24/2010 um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lagaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Gögn sem umsækjandi ber að leggja fram með umsókn:

- Greinargerð um hvernig niðurfelling tekjuskatts að hluta leiðir til þess að hagsmunum ríkissjóðs sé betur borgið. Sýna verður fram á að niðurfelling leiði til betri greiðslugetu á skuldbréfi því sem gefið verður út í samræmi við lög um greiðsluuppgjör, og sköttum sem síðar verða lagðir á
- Ársreikningar og framtöl síðustu þriggja ára
- Rekstrarætlun næstu tveggja ára (2011 og 2012).
- Upplýsingar um sjóðsstreymi og lykilorfsendur.
- Gögn sem sértæk skuldaaðlögun skv. lögum 107/2009 byggist á, ef við á.

Undirritaður samþykkir þá skilmála sem fram koma hér að ofan.

Undirskrift:

_____	_____
Staður	Dags.
_____	_____
Kennitala undirritaðs	Undirskrift f.n. umsækjanda

Undirrituðu fyrirtil eyðublaðsins skal skilað ásamt fylgiskjólum til Tollstjóra.

Vista Prenta Hreinsa



SKULDABRÉF

BUNDIÐ VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS
ÁN VAXTA

NR.: _____

Undirritaður/uð

Kennitala

til heimilis að

viðurkennir hér með að skulda Ríkissjóði Íslands, kt. 540269-6459, Vegmúla 3, 150 Reykjavík 0,- krónur

Fjárhæð í bókstöfum

sem endurgreiðist á þeim gjalddögum og með þeim kjörum er greinir í bréfi þessu.

1. Skuld þessi er bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 377,6 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölnni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölnni milli gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar reiknaður út á hverjum gjalddaga áður en afborgun er reiknuð.
2. Lán þetta ber að endurgreiða að fullu með 60 afborgunum á 1 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. júlí 2012. Hver afborgun er reiknuð þannig, að fyrst er höfuðstóllinn reiknaður út samkvæmt ofanskráðu, en síðan deilt í útkomuna með þeim fjölda afborgana sem þá eru eftir, að meðtalinni þeirri afborgun sem er í það sinn.
3. Skuld þessi ber ekki almenna vexti.
4. Verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana á réttum gjalddögum, skal greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilaskuldinni. Jafnframt er heimilt ef vanskil eru veruleg, með verulegum vanskilum er átt við 15 daga eða lengri vanskil, að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án sérstakrar uppsagnar.
5. Skuldara ber að greiða á hverjum gjalddaga kostnað við innheimtu hvernar afborgunar af skuld þessari í samræmi við gjaldskrá.
6. Rísi mál af skuld þessari má reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sé skuldin gjaldfallin má gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar hjá skuldara skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Aðfararheimild þessi nær til vísitöluálags, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjalds kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.
7. Til staðfestu undirritar skuldari bréf þetta í viðrúvíst tveggja vitundarvotta.

		Staður og dagsetning
Nafn	Kennitala	Undirskrift skuldara

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði skuldara:

Nafn Kennitala

Nafn Kennitala

Undirritaður, eigandi framangreinds skuldabréfs, framsel hér með _____ skuldabréf þetta með öllum þeim réttindum, sem þar greinir og tekst á hendur sjálfskuldarábyrgð á framangreindri skuld ásamt öllum kostnaði í samræmi við ákvæði bréfsins. Gilda öll ákvæði þessa skuldabréfs einnig gagnvart mér, þ.m.t. ákvæði um aðför án dóms eða réttarsáttar, skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Staður og dagsetning

Undirskrift Kennitala

Leiðbeiningar til gjaldenda um frágang á skuldabréfi



TOLLSTJÓRI

Leiðbeiningar vegna frágangs á skuldabréfi skv. 5. gr. laga nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Skuldabréfinu þarf að skila til Tollstjóra undirrituðu og stimpluðu skv. neðangreindu.

Lögmæt undirritun

- Einstaklingur
 - Undirritun nafns og kennitölu.
- Lögaðili
 - Þeir sem hafa heimild til að rita firma félagsins skulu undirrita skuldabréfið með nafni og kennitölu.
- Vottam
 - Tveir einstaklingar 18 ára og eldri skulu votta undirritun með nafni og kennitölu eða nafn og kennitala lögmanns.
- Umboð
 - Ef ritað er undir skuldabréfið samkvæmt umboði er nauðsynlegt að frumrit umboðsins fylgi skuldabréfinu. Umboðið skal vera tvívottað eða vottað af lögmanni.

Stimplun skuldabréfs

- Stimpla skal skuldabréfið í samræmi við lög nr. 36/1978, um stimpilgjald.
- Stimplun er framtveð hjá sýslumönnum.
- Greiða þarf 0,5% stimpilgjald af fjárhæð kröfunnar til sýslumanns, sbr. 1 mgr. 24 gr. laga um stimpilgjald.

Greiðsla með skuldabréfi

Eftir stimplun skal afhenda þjónustufulltrúa lögfræðideildar innheimtusviðs skuldabréfið. Einnig er heimilt að senda skuldabréfið með ábyrgðarbréfi til: Tollstjóri, Lögfræðideild innheimtusviðs, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík.

Í kjölfar móttöku skuldabréfsins verður skattkrafan færð úr innheimtukerfi ríkissjóðs og skuldbreytt í kröfu skv. skuldabréfi.

Vinsamlegast afhendið/sendu skuldabréfið undirritað og stimplað til Tollstjóra innan viku.



TOLLSTJÓRI

Lög um greiðsluuppgjör

Lög um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri

2010 nr. 24 30. mars

■1. gr. *Umsókn um greiðsluuppgjör.*

☐[Lögaðilar og einstaklingar sem eru og hafa verið í atvinnurekstri og eru í vanskilum með virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og þing- og sveitarsjóðsgjöld sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010 geta sótt um frest til greiðsluuppgjörs á þeim vanskilum til 1. júlí 2011.]¹⁾

☐[Einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun samkvæmt [lögum nr. 101/2010](#), um greiðsluaðlögun einstaklinga, geta sótt um greiðsluuppgjör samkvæmt lögum þessum vegna vangoldins virðisaukaskatts og afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda. Hafni umboðsmaður skuldara umsókn einstaklings um greiðsluaðlögun skal umsókn samkvæmt þessari málsgrein afgreidd í samræmi við 1. mgr.]¹⁾

☐Umsókn skal beint til tollstjóra óháð lögheimili umsækjanda. Tollstjóra er heimilt að samþykkja umsókn að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. 2. gr.

¹⁾[L. 165/2010, 37. gr.](#)

■2. gr. *Skilyrði greiðsluuppgjörs.*

☐Skilyrði fyrir fresti til greiðsluuppgjörs skv. 1. gr. eru eftirfarandi:

1. Umsækjandi skal vera í skilum með aðra skatta og gjöld en þau sem tilgreind eru í 1. mgr. 1. gr. þegar umsókn er lögð fram.

2. Umsækjandi skal vera í skilum með alla skatta og gjöld sem gjaldfalla frá 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011.

3. Umsækjandi skal lýsa því yfir að hann muni skila inn skilagreinum og framtölum til að tryggja rétta álagningu gjalda.

4. Umsækjandi skal við umsókn um greiðsluuppgjör skv. 1. gr. viðurkenna greiðsluskyldu vegna þeirra krafna sem frests njóta.

■3. gr. *Réttaráhrif greiðsluuppgjörs.*

☐Dráttarvextir eru ekki lagðir á kröfur sem njóta frests til greiðsluuppgjörs á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011. Innheimtumaður ríkissjóðs skal skuldajafna inneignum sem myndast vegna krafna, sem hefur verið frestað skv. 1. gr., upp í þær kröfur.

☐Séu fullnustugerðir hafnar vegna krafna sem njóta frests til greiðsluuppgjörs skv. 1. gr. skal innheimtumaður ríkissjóðs fresta þeim eða afturkalla þær eftir atvikum.

■4. gr. *Ógilding greiðsluuppgjörs.*

☐Standi aðili sem nýtur frests til greiðsluuppgjörs skv. 1. gr. ekki í skilum með greiðslu skatta og opinberra gjalda sem falla í gjalddaga eftir 1. janúar 2010 fellur frestur til



greiðsluuppgjörðs niður og dráttarvextir reiknast á vanskil eins og frestur til greiðsluuppgjörðs hefði ekki verið veittur.

☐ Verði bú aðila sem nýtur frests til greiðsluuppgjörðs skv. 1. gr. tekið til gjaldþrotaskipta á tímabili frestsins fellur heimild til greiðsluuppgjörðs niður og dráttarvextir leggjast á vanskil eins og heimild hefði ekki verið veitt.

■ 5. gr. Umsókn um skuldbreytingu.

☐ Hafi umsækjandi um greiðsluuppgjörð haldið skilyrði 2. gr. fram til 1. júlí 2011 er tollstjóra heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs til greiðslu þeirra skatta og gjalda sem voru í fresti til greiðsluuppgjörðs skv. 1. gr.

☐ Skuldabréfið skal vera til fimm ára með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og með fyrstu greiðslu [1. júlí 2012].¹⁾ Skuldabréfið skal vera verðtryggt miðað við vísitölu neysliverðs 1. júlí 2011, en án vaxta.

☐ Hafi umsækjandi greiðsluuppgjörðs ekki fengið álagningar byggðar á áætlunum leiðréttar fyrir 1. júlí 2011 er ekki heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs skv. 1. mgr. og dráttarvextir leggjast á vanskil eins og heimild til greiðsluuppgjörðs hefði ekki verið veitt.

¹⁾[L. 165/2010, 38. gr.](#)

■ [6. gr. Sérstök niðurfelling á tekjuskatti lögaðila sem gjaldfallið hefur fyrir 1. janúar 2010.

☐ Hafi umsækjandi skv. 1. gr. fengið sértæka skuldaaðlögun samkvæmt [lögum nr. 107/2009](#), um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, er tollstjóra heimilt að fallast á beiðni um niðurfellingu tekjuskatts að hluta, enda telji tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkri niðurfellingu. Umsækjanda ber að leggja fram þau gögn sem hin sértæka skuldaaðlögun byggist á ásamt öðrum þeim gögnum sem tollstjóri fer fram á.

☐ Hafi umsækjandi skv. 1. gr. ekki fengið sértæka skuldaaðlögun samkvæmt [lögum nr. 107/2009](#), um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, er tollstjóra heimilt að fallast á beiðni um niðurfellingu tekjuskatts að hluta, enda telji tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkri niðurfellingu. Umsækjanda ber að leggja fram þau gögn sem tollstjóri fer fram á.

☐ Fallist tollstjóri á niðurfellingu tekjuskatts skv. 1. og 2. mgr. kemur slík niðurfelling til framkvæmdar þegar umsækjandi hefur uppfyllt öll önnur skilyrði laga þessara. Tollstjóri gefur út skuldabréf vegna þess hluta tekjuskatts sem ekki er felldur niður í samræmi við ákvæði 5. gr. Niðurfelling tekjuskatts kemur þó aldrei til greina ef skattkrafa er tilkomin vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á tekjuskatti vegna skattsvika.]¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 39. gr.](#)

■ [7. gr.]¹⁾ Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 31. desember 2011.

¹⁾[L. 165/2010, 39. gr.](#)



Upplýsingar á vef Tollstjóra www.tollur.is

Greiðsluuppgjör samkvæmt lögum nr. 24/2010

Upplýsingar fyrir þá aðila sem fengu frest til greiðsluuppgjors skv. 2. gr. laga um greiðsluuppgjör

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri skulu eldri vanskil sem falla undir greiðsluuppgjör greidd með útgáfu skuldabréfs. Tollstjóri mun útbúa skuldabréf fyrir þá sem fengu samþykktan frest til greiðsluuppgjors.

- Umsækjendur munu fá skuldabréfið sent með ábyrgðarbréfi.
- Óski umsækjendur eftir því að sækja skuldabréfið til Tollstjóra eru þeir beðnir um að senda beiðni um það með tölvupósti á netfangið vanskil[hjá]tollur.is.
- Umsækjendur bera ábyrgð á því að láta stimpla skuldabréfið í samræmi við ákvæði laga nr. 36/1978 um stimpilgjald. Sýslumaður stimplar skuldabréf.
- Umsækjendur skulu eftir stimplun og undirritun skuldabréfsins skila því til Tollstjóra.

Þar sem tæplega 500 aðilar eru með virk greiðsluuppgjörsmál má gera ráð fyrir því að það taki nokkurn tíma að útbúa öll skuldabréfin. Stefnt er að því að öll skuldabréf verði tilbúin fyrir september.

Um skuldabréfið

- Skuldabréfið er til 5 ára með jöfnum mánaðarlegum afborgunum
- Fyrsta greiðsla er þann 1. júlí 2012.
- Skuldabréfið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs þann 1. júlí 2011
- Skuldabréfið ber ekki vexti.

Tollstjóri tekur ekki lengur á móti umsóknum um greiðsluuppgjör skv. lögum nr. 24/2010.

Heimilt er að sækja um greiðsluuppgjör á gjaldföllum virðisaukaskatti (VA), staðgreiðslu tryggingagjalds (SJ, TG), staðgreiðslu [opinberra gjalda](#) (SK, KV, LV) og þing- og sveitarsjóðsgjöldum (AB) sem gjaldfallið hafa fyrir 1. janúar 2010.

Í greiðsluuppgjöri felst að gjaldandi fær frest á greiðslu þeirra gjalda sem falla undir greiðsluuppgjör til 1. júlí 2011. Gjöld þau sem falla undir greiðsluuppgjör bera ekki dráttarvexti á freststímabilinu 1. janúar 2010 til 30. júní 2011. Að uppfylltum lagaskilyrðum getur gjaldandi fengið skuldbreytingu á vanskilum þeirra gjalda sem undir greiðsluuppgjör falla þann 1. júlí 2011. Í skuldbreytingu felst að gjaldandi fær að gefa út skuldabréf til að greiða upp vanskil þau sem féllu undir greiðsluuppgjörið. Skuldabréfið er til 5 ára með mánaðarlegum afborgunum og verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en án vaxta.

Skilyrði fyrir veitingu heimildar til greiðsluuppgjors

Umsækjandi skal vera í skilum með aðra skatta og gjöld en þau sem falla undir greiðsluuppgjör, þegar umsókn er lögð fram.

Umsækjandi skal vera í skilum með alla skatta og gjöld sem gjaldfalla frá 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að hann muni skila inn skilagreinum og framtölum til að tryggja rétta álagningu gjalda.

Umsækjandi skal við umsókn um greiðsluuppgjör viðurkenna greiðsluskyldu vegna þeirra krafna sem falla undir greiðsluuppgjör.

Umsókn til Tollstjóra verður að vera í frumriti en umsækjandi getur eftir atvikum skilað umsókn sinni til annarra innheimtumanna ríkissjóðs sem er heimilt að senda umsóknina til Tollstjóra með símbrefi eða tölvupósti.

Réttaráhrif greiðsluuppgjörs

Dráttarvextir eru ekki lagðir á kröfur sem njóta frests til greiðsluuppgjörs á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011. Innheimtumaður ríkissjóðs skal skuldajafna inneignum sem myndast vegna krafna sem eru í greiðsluuppgjöri upp í þær kröfur. Inneignum sem myndast vegna krafna sem gjaldfalla eftir 1. janúar 2010 er ekki skuldajafnað upp í kröfur í greiðsluuppgjöri.

Innheimtumaður ríkissjóðs skal fresta innheimtuaðgerðum eða afturkalla þær eftir atvikum vegna krafna sem eru í greiðsluuppgjöri.

Ógilding greiðsluuppgjörs,

Greiðsluuppgjör fellur úr gildi:

Ef umsækjandi stendur ekki í skilum með greiðslu skatta og opinberra gjalda sem gjaldfalla eftir 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011. Þá reiknast dráttarvextir á þær kröfur sem voru í greiðsluuppgjöri eins og það hefði ekki komið til.

Ef umsækjandi er tekinn til gjaldþrotaskipta fellur heimild til greiðsluuppgjörs niður og dráttarvextir leggjast á vanskil eins og heimild hefði ekki verið veitt.

Ef umsækjandi hefur ekki fengið skattálagningar byggðar á áætlunum leiðréttar fyrir 1. júlí 2011 fellur heimild til greiðsluuppgjörs niður og dráttarvextir leggjast á vanskil eins og heimild hefði ekki verið veitt. **Mikilvægt er að þeir aðilar sem skattar eða gjöld hafa verið áætluð á fái áætlanir leiðréttar strax eða greiði þær upp.**

Umsókn um skuldbreytingu

Hafi umsækjandi um greiðsluuppgjör haldið skilyrði fram til 1. júlí 2011 er Tollstjóra heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs til greiðslu þeirra skatta og gjalda sem voru í fresti til greiðsluuppgjörs.

Skuldabréfið er til 5 ára með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og með fyrstu greiðslu þann 1. júlí 2012. Skuldabréfið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs þann 1. júlí 2011, en án vaxta.

Hafi umsækjandi greiðsluuppgjörs ekki fengið álagningu byggða á áætlun Ríkisskattstjóra leiðréttá fyrir 1. júlí 2011 er ekki heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs og dráttarvextir leggjast á vanskil eins og heimild til greiðsluuppgjörs hefði ekki verið veitt.

Tenglar

Sérstök niðurfelling á tekjuskatti lögaðila sem gjaldfallið hefur fyrir 1. janúar 2010. Lög nr. 24/2010 um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.
Spurningar og svör um greiðsluuppgjör

Spurt og svarað um greiðsluuppgjör:

- Hvað er greiðsluuppgjör?
- Hvað gerist ef umsækjandi fær skattáætlanir ekki leiðréttar fyrir 1. júlí 2011?
- Hvaða kröfur falla undir greiðsluuppgjör?
- Hvaða önnur skilyrði eru fyrir því að fá greiðsluuppgjör skv. lögum nr. 24/2010
- Hverjir geta sótt um greiðsluuppgjör?

Hvað er greiðsluuppgjör?

Í einföldu máli er um að ræða tvískipt ferli. Í fyrsta lagi er veittur greiðslufrestur til 1. júlí 2011 á þeim gjöldum sem undir greiðsluuppgjör falla samkvæmt [lögum nr. 24/2010](#). Dráttarvextir leggjast ekki á þær kröfur sem falla undir greiðsluuppgjör á frestímabili þ.e. frá 1. janúar 2010 til og með 30. júní 2011.

Í öðru lagi eru gjöldin sem falla undir greiðsluuppgjör greidd með skuldabréfi með útgáfudegi 1. júlí 2011 (skuldbreyting). Þá breytist krafan úr skattkröfu í almenna kröfu skv. ákvæðum skuldabréfsins og verður innheimt sem slík.



Hvað gerist ef umsækjandi fær skattáætlanir ekki leiðréttar fyrir 1. júlí 2011?

Þá fellur heimild til greiðsluuppgjors niður og staða gjaldanda verður eins og heimildin hefði aldrei verið veitt, það er dráttarvextir reiknast frá 1. janúar 2010 og innheimtuaðgerðum verður haldið áfram. Það er á ábyrgð umsækjanda að fá áætlanir leiðréttar fyrir 1. júlí 2011, ekki er nægjanlegt að sýna fram á skýrsluskil fyrir fyrrgreint tímamark, heldur verður álagning að hafa átt sér stað.

Hvaða kröfur falla undir greiðsluuppgjör?

Kröfur sem gjaldfallnar voru 1. janúar 2010 vegna vanskila á eftirtöldum sköttum og gjöldum falla undir greiðsluuppgjör: virðisaukaskattur (VA), staðgreiðsla tryggingagjalds (SJ, TG), staðgreiðsla opinberra gjalda (SK, SR, KV) og þing- og sveitarsjóðsgjöld (AB).

Hvaða önnur skilyrði eru fyrir því að fá greiðsluuppgjör skv. lögum nr. 24/2010

Umsækjandi þarf að vera í skilum með öll önnur gjöld en þau sem falla undir greiðsluuppgjör. Ekki er heimilt að veita heimild til greiðsluuppgjors nema einu sinni. Vanskil valda því brottfalli heimildarinnar.

Hverjir geta sótt um greiðsluuppgjör?

Úrræðið er eingöngu fyrir lögaðila og einstaklinga sem eru og hafa verið í atvinnurekstri. Varðandi einstaklinga skal tekið fram að undir greiðsluuppgjórið falla eingöngu kröfur sem stafa frá atvinnurekstri.

Einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, geta sótt um greiðsluuppgjör samkvæmt lögum þessum vegna vangoldins virðisaukaskatts og afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sérstök niðurfelling á tekjuskatti lögaðila sem gjaldfallið hefur fyrir 1. janúar 2010.

Alþingi samþykkti þann 18. desember 2010 lög sem heimila Tollstjóra að fella niður að hluta til tekjuskatt lögaðila að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sjá VI. kafla laga nr. 165/2010.

Skilyrði fyrir niðurfellingu tekjuskatts eru:

- að umsækjandi sé í skilum með önnur gjöld, en þau sem falla undir greiðsluuppgjör skv. 1. gr. laganna, og gjaldfallið hafa fyrir 1. janúar 2010. Hér er um að ræða gjöld sem innheimt eru af innheimtumanni ríkissjóðs



- að umsækjandi standi í skilum með öll gjöld sem innheimt eru af innheimtumanni ríkissjóðs og gjaldfalla á tímabilinu 1. janúar 2010 til 30. júní 2011.

Sé þessum skilyrðum fullnægt verður fallist á niðurfellingu tekjuskatts að hluta, enda telji Tollstjóri hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með niðurfellingunni.

Heimildin er bundin við þá aðila sem enn eru í rekstri. Við mat á því hvort lögaðili er í atvinnurekstri er haft til viðmiðunar að hann sé með virkt virðisaukaskattsnúmer, nema hann sé undanþeginn skilum á virðisaukaskatti, og sé skráður á launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra 1. júlí 2011.

Niðurfelling tekjuskatts kemur þó aldrei til greina ef skattkrafa er tilkomin vegna endurákvörðunar skattýfirvalda á tekjuskatti vegna skattsvika.

Nauðsynlegt er að umsækjandi skili inn skilagreinum og framtölum til að tryggja að rétt álagning liggi fyrir þann 1. júlí 2011, í þeim tilvikum sem álagningin byggir á áætlun skattstjóra.

[Sjá nánar umfjöllun um skilyrði og réttaráhrif greiðsluuppgjör.](#)

Gögn sem umsækjanda ber að leggja fram með umsókn:

- Greinargerð um hvernig niðurfelling tekjuskatts að hluta leiðir til þess að hagsmunum ríkissjóðs sé betur borgið. Sýna verður fram á að niðurfelling leiði til betri greiðslugetu á skuldbréfi því sem gefið verður út í samræmi við lög um greiðsluuppgjör, og sköttum sem síðar verða lagðir á.
- Ársreikningar og framtöl síðustu þriggja ára.
- Rekstraráætlun næstu tveggja ára (2011 og 2012).
- Upplýsingar um sjóðsstreymi og lykilforsendur.
- Gögn sem sértæk skuldaaðlögun skv. lögum 107/2009 byggist á, ef við á.

Framkvæmd niðurfellingar

Fallist Tollstjóri á niðurfellingu tekjuskatts að hluta, kemur slík niðurfelling til framkvæmdar þegar umsækjandi hefur uppfyllt öll önnur skilyrði laga um greiðsluuppgjör. Tollstjóri gefur út skuldabréf vegna þess hluta tekjuskatts sem ekki er felldur niður í samræmi við ákvæði laga um greiðsluuppgjör.

[Sjá nánar umfjöllun um útgáfu skuldabréfs.](#)

Fréttir:

6. apríl 2010

Lög um greiðsluuppgjör

Alþingi hefur samþykkt lög um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Samkvæmt lögnum er heimilt að sækja um greiðsluuppgjör á gjaldföllum virðisaukaskatti (VA), staðgreiðslu tryggingagjalds (SJ, TG), staðgreiðslu [opinberra gjalda](#) (SK, KV, LV) og þing- og sveitarsjóðsgjöldum (AB) sem gjaldfallið hafa fyrir 1. janúar 2010.

Í greiðsluuppgjör felst að gjaldandi fær frest á greiðslu þeirra gjalda sem falla undir greiðsluuppgjör til 1. júlí 2011. Gjöld þau sem falla undir greiðsluuppgjör bera ekki dráttarvexti á freststímabilinu 1. janúar 2010 til 30. júní 2011. Að uppfylltum lagaskilyrðum getur gjaldandi fengið skuldbreytingu á vanskilum þeirra gjalda sem undir greiðsluuppgjör falla þann 1. júlí 2011. Í skuldbreytingu felst að gjaldandi fær að gefa út skuldabréf til að greiða upp vanskil þau sem féllu undir greiðsluuppgjör. Skuldabréfið er til 5 ára með mánaðarlegum afborgunum og verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en án vaxta.

[Nánari upplýsingar um greiðsluuppgjör samkvæmt lögum númer 24/2010](#)

[Lög um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri](#)

1. júlí 2011

Tollstjóri tekur ekki lengur á móti umsóknum um greiðsluuppgjör skv. lögum nr. 24/2010

Upplýsingar fyrir þá aðila sem fengu frest til greiðsluuppgjör skv. 2. gr. laga um greiðsluuppgjör

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri skulu eldri vanskil sem falla undir greiðsluuppgjör greidd með útgáfu skuldabréfs. Tollstjóri mun útbúa skuldabréf fyrir þá sem fengu samþykktan frest til greiðsluuppgjör.

- Umsækjendur munu fá skuldabréfið sent með ábyrgðarbréfi.
- Óski umsækjendur eftir því að sækja skuldabréfið til Tollstjóra eru þeir beðnir um að senda beiðni um það með tölvupósti á netfangið [vanskil\[hja\]tollur.is](mailto:vanskil[hja]tollur.is)
- Umsækjendur bera ábyrgð á því að láta stimpla skuldabréfið í samræmi við ákvæði laga nr. 36/1978 um stimpilgjald. Sýslumaður stimplar skuldabréf.



TOLLSTJÓRI

- Umsækjendur skulu eftir stimplun og undirritun skuldabréfsins skila því til Tollstjóra.

Þar sem tæplega 500 aðilar eru með virk greiðsluuppgjörsmál má gera ráð fyrir því að það taki nokkurn tíma að útbúa öll skuldabréfin. Stefnt er að því að öll skuldabréf verði tilbúin fyrir september.

Um skuldabréfið

- Skuldabréfið er til 5 ára með jöfnum mánaðarlegum afborgunum
- Fyrsta greiðsla er þann 1. júlí 2012.
- Skuldabréfið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs þann 1. júlí 2011
- Skuldabréfið ber ekki vexti.

